

4. fundur í Skólaráði haldinn 14. febrúar 2014

Mætt eru: Þórhildur skólastjóri, f.h foreldra Sólveig og Hlynur, f.h. kennara Kristín Ásta, f.h. starfsmanna Gróa og Lára Helgadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins
Áður en formlega dagskrá hófst var farið yfir fundargerðir frá 15. nóv. 2013 og 17. jan. 2014 og þær samþykktar.

Dagskrá:

1. Skólapúlsinn
Annelise deildarstjóri mætti á fundinn og útskýrði út á hvað Skólapúlsinn gengur og fór yfir síðustu niðurstöður.
Annelise talaði um hve gott öryggistæki skólapúlsinn væri. Hún sagði frá því að foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins væri í gangi og miklu skipti að foreldrar tækju þátt.
2. Farið yfir skóladagatalið fyrir skólaárið 2014-2015. Það rætt og samþykkt.
3. Farið yfir niðurstöður varðandi skólauppbyggingu Varmárskóla næsta skólaár.
Varmárskóli fær 2 lausar kennslustofur fyrir næsta skólaár. Eftir er að ákveða hvar stofurnar verða staðsettar á skólalóðinni og hvaða nemendur munu nýta þær.
4. Foreldrar töluðu um að endurskoða þurfi rútumál í Helgafelli, þar sem að þau börn sem búa þar fá eingöngu að ferðast með rútunni á heimleið úr skóla og eingöngu ef rúturnar eru ekki fullar.
5. Ákveðið að geyma liðinn – „Gengið um skólann“ til næsta fundar.

Fundarritari var Þórhildur Elfarsdóttir